

Sjóvá – Árshlutauppgjör

Hagnaður 1.567 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins

Hagnaður 858 m.kr. á þriðja ársfjórðungi

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 396 m.kr.
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 536 m.kr.
- Ávöxtun eignasafns félagsins 2,2%
- Verðbréfamarkaðir voru líflegir á þriðja ársfjórðungi og ávöxtun af eignasafninu umfram væntingar

Hermann Björnsson, forstjóri:

„Afkoma þriðja ársfjórðungs er góð, sem helgast fyrst og fremst af ágætum fjárfestingartekjum. Váttryggingarekstur hefur styrkst frá sama tíma í fyrra og frá liðnum fjórðungum og hefur samsett hlutfall ekki verið lægra síðan á fjórða fjórðungi 2014. Sögulega séð hefur þriðji ársfjórðungur komið best út, þar sem kostnaður er lægri og tjón alla jafna minni en í öðrum fjórðungum. Sé litið til afkomu fyrir fyrstu 9 mánuði ársins verður hún í heildina að teljast góð þar sem tjónahlutfall fer lækkanandi. Væntingar eru um að aðgerðir sem gripið hefur verið til færi afkomu ársins nær þeim horfum sem birtar voru í upphafi árs, þ.e. að samsett hlutfall verði á bilinu 98-100% og að afkoma fyrir skatta verði 2 til 2,5 milljarðar“, segir Hermann.

Helstu niðurstöður og lykiltölur

	3F 2016	3F 2015	%	9M 2016	9M 2015	%
Iðgjöld tímabilsins	4.073	3.627	12%	11.348	10.586	7%
Eigin iðgjöld	3.761	3.450	9%	10.647	10.054	6%
Fjárfestingartekjur	789	1.413	-44%	2.076	3.416	-39%
Þar af fjárfestingartekjur af váttryggingaskuld	193	257	-25%	595	705	-16%
Heildartekjur	4.642	4.901	-5%	12.829	13.515	-5%
Tjón tímabilsins	-2.836	-2.713	5%	-8.252	-7.857	5%
Eigin tjón	-2.843	-2.563	11%	-8.262	-7.698	7%
Rekstrarkostnaður	-867	-832	4%	-2.781	-2.625	6%
Afskrift óefnislegra eigna	0	-104		0	-311	
Heildargjöld	-3.710	-3.499	6%	-11.043	-10.634	4%
Afkoma fyrir skatta	932	1.403	-34%	1.786	2.881	-38%
Afkoma eftir skatta	858	1.293	-34%	1.567	2.673	-41%
Tjónahlutfall	69,6%	74,8%		72,7%	74,2%	
Endurtryggingahlutfall	5,6%	-0,3%		5,3%	3,1%	
Kostnaðarhlutfall	19,8%	21,4%		23,0%	22,9%	
Samsett hlutfall	95,0%	95,9%		101,1%	100,3%	
Ávöxtun eigin fjár	20,7%	45,0%*		12,6%	29,0%*	
Hagnaður á hlut	0,56	0,82		0,46	0,87	

	9M 2016	2015
Verðbréf	34.649	33.785
Viðskiptakröfur	5.585	4.078
Handbært fé	1.882	1.385
Heildareignir	43.956	41.435
Eigið fé	16.900	16.291
Eiginfjárlutfall	38,4%	39,3%
Gjaldþolshlutfall SII	1,95	1,86

Fjárhæðir eru í milljónum króna

Kynningarfundur 28. október kl. 8:30

Sjóvá býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á þriðja ársfjórðungi 2016, föstudaginn 28. október kl. 8:30 í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð. Hermann Björnsson forstjóri mun kynna uppgjörið og svara spurningum. Hægt er að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefslóðinni www.sjova.is/afkomukynningar

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Þórður Pálsson í síma 440-2000 eða fjarfestar@sjova.is.

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir þriðja ársfjórðung var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 27. október 2016. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.
